

Viðbragðsáætlanir Krikaskóla

Vegna :

- óveðurs
- eldgosa, öskufalls, eldinga
- jarðskjálfta
- eldsvoða
- rýmingar
- barns sem finnst ekki



Óveður



VIÐBÚNAÐARSTIG 1:

Röskun á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks og barna við að komast til skóla

- Foreldrar fylgi börnum í skólann.

VIÐBÚNAÐARSTIG 2:

Skólahald fellur niður.

- Börnin fara ekki úr skólanum nema í fylgd fullorðinna
- http://shs.is/images/roskun_a_skolastarfi/roskun-a-skolastarfi.pdf

Eldgos – öskufall- eldingar

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera oftast boð á undan sér, með jarðskjálftum sem greinast á mælum Veðurstofunnar. Hætta getur stafað af eldgosum vegna hraunrennslis og öskufalls.

Loftgæði og svifryk

- Áhrif svifryks á heilsu fólks eru háð stærð agnanna. Fínar agnir eru hættulegri en grófar, en agnir minni en 10 µm eiga auðveldara með að ná djúpt niður í lungum

Styrkur svifryks getur aukist þegar úti er stilla og þurr í lofti, einkum kalda vetrardaga. Eins ef umferð er mikil við stórar umferðaræðar. Rok eykur uppfok á ögnum frá jarðvegi og umhverfi.

Öskufall getur borist um allt land með vindum. Gjóskan er varasöm vegna eldinga, eiturgufa og eiturefna.

Í **gjóskufalli og þrumuveðri með eldingum** ættu allir að koma sér í skjól. Forðast vatn, hæðir í landslagi, berangur, málmhluti, raflínur, girðingar, vélar, stór tré og leita skjóls í byggingum /ökutækjum. Loka gluggum.

Slái eldingu niður á berangri skal: Krjúpa á kné, beygja sig fram og styðja höndum á hnén. Leggist ekki flöt.

Innanhúss Þar sem eldingu getur slegið niður í lagnir utanhúss og leitt inn skal: Ekki nota neitt vatn úr vatnsleiðslum. Haldið fólki fjarri útidyrum, gluggum og lagnakerfum.

Notið ekki tæki í sambandi við rafmagn. Ekki nota farsíma í hleðslu. Takið öll rafmagnstæki úr sambandi

Rafspenna situr ekki í fólki sem verður fyrir eldingu og því má veita nauðsynlega aðstoð strax. Veitið skyndihjálp og hringið í **112**.

Fylgja skal fyrirmælum almannavarnarnefndar www.almannavarnir.is

Viðmið um loftgæði tengd öskufalli heimasíðu skal sækja á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

<https://www.ust.is/einstaklingar/loftgaedi/>

Jarðskjálfti

Jarðskjálftar

- Öryggisráðstafanir og rétt viðbrögð draga úr hættu. Veggfesta allt sem hægt er og hafa þunga hluti næst gólfi. Í aukinni skjálftavirkni er heppilegt að allir séu á skóm innandyra vegna hættu af glerbrotum. Þá ættu börn ekki að vera ein í lokuðu rými því hurðar geta skekkst í skjálfta þannig að þær opnast ekki.

Viðbrögð við jarðskjálfta

- Í jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu.
- Leita skjóls, vera kyrr á öruggum stað inni, út í horni við burðarveggi fjarri gluggum.
- Viðbrögð við jarðskjálfta ættu að vera:

Krjúpa, skýla höfði og halda sér í ef ekki er unnt að komast á opið svæði.

Fara út í horn burðarveggja, í hurðarop eða undir borð og ;

KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér.

Eftir skjálfta: meta stöðuna og bregðast við með tilliti til slysa, skemmda og öryggisþátta.

Sjá: Jarðskjálftakver Almannavarna - sem er í Öryggiseftirlitsbók hjá ritara

www.almannavarnir.is

Viðbrögð við jarðskjálfta

Við erum í skólanum: Það verður jarðskjálfti
hvað gerum við þá: krjúpa – skýla – halda



Rýming - Söfnunarsvæði

- Komi upp eldur eða önnur vá í skólabyggingu sem gefur tilefni til rýmingar -skal strax rýma. Gefi skólastjóri/staðgengill fyrirmæli um að allir mæti á söfnunarsvæði eða að rýma skuli bygginguna er öllum skylt að hlíta því.

Söfnunarsvæði - Rýmingaráætlun:

- Söfnunarsvæði innanhúss:
 - Kría/Lundi/Fjallafinka á efri hæð
 - Starfsmannaaðstaða eða smiðjur á neðri hæð.
- Söfnunarsvæði allra utan húss er á fótboltavellinum.
Auk þess eiga Kría,Lundi, Fjallafinka söfnunarsvæði í sandkassa á útileiksvæði sínu.
- Stjórnendateymi er ábyrgt fyrir stjórnun rýmingar; a+b) Skólastjóri, a)aðstoðarskólastjóri, a) sérkennslustjóri, a) verkefnastjóri, b) ritari, c) deildastjórar og umsjónakennarar.

a) Virkja „viðbrögð við vá“- Stjórnendateymi. Einn af a) fer um alla króka og kima á efri hæð og annar á neðri hæð til að tryggja að enginn sé inni í byggingunni. Mæta svo á söfnunarsvæði og fá stöðuna hjá hverjum deildastjóra/umsjónarkennara.

b) Sjá til þess að hringt er í 112 - Skólastjóri- ritari.

c) Nafnakall eftir lista á söfnunarsvæði - Deildastjórar/umsjónakennarar - gefa stjórnendateymi upplýsingar um fjölda og ástand. Skólastjóri er tengiliður við slökkvilið.

Brunabjallan hringir :

Allir fara stystu leið að næsta útgangi
- bíða boða um hvort eigi að:

- hætta við
- fara á söfnunarsvæði inni
- rýma og fara á söfnunarsvæði úti

Stiginn er **aldrei** stysta leiðin út.

Komi upp eldur eða önnur vá í skólabyggingunni sem gefur tilefni til rýmingar skal tafarlaust rýma

Söfnunarsvæði

- Söfnunarsvæði eru bæði innan húss og utan
- Úti : Fótboltavöllur - og sandkassi Kríu/Lunda
- Efri hæð: Kría, Lundi og Fjallafinka
- Neðri hæð: Smiðjur og starfsmannagangur

Bláir skór og nafnalistar eru við útganga. Taka með nafnalista í sínum og spjaldtölvum.

Eldvarnir

Eldvarnareftirlitið sinnir eftirliti í Krikaskóla árlega og krefst þess að flóttaleiðir séu ávallt greiðfærar.

Slökkvitækjaþjónustan sinnir eftirliti á reykskynjurum og slökkvibúnaði og sér til þess búnaður sé í lagi, af réttri gerð og rétt staðsettur.

Sprinkler kerfi er sjálfvirkt úðunarkerfi sem fer í gang við bruna, það er skoðað mánaðarlega, yfirfarið fjórum sinnum á ári og prófað árlega.

- Rétt viðbrögð - umræða um brunavarnir og viðbragðsáætlun.
- Rýmingaráætlun æfð árlega með starfsmönnum og börnum.
- Sjá vef slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Barn „týnist“ eða finnst ekki.

Hafi barn ekki einungis horfið úr augsýn eða gleymt sér, þarf starfsfólk að bregðast við og taka mið af :

Aldri og þroska barnsins.

Líkunum á að barnið geti farið sér að voða eða sé í hættu utan skólalóðarinnar

Hvar seinast sást til barnsins, úti /inni

Hvort skór og yfirhafnir barnsins séu á sínum stað

Upplýsingum frá starfsfólki sem sá barnið seinast

Fyrri sögu.

Gæta þess að önnur börn séu örugg þegar starfsfólk fer að leita barns/barna.

Sé barnið ungt eða ófært um að meta hættulegar aðstæður þarf að :

Virkja fleira starfsfólk með hraði, skipta verkum og koma skilaboðum áfram.

Skima strax yfir umhverfið næst skólanum og nærliggjandi götur vegna hættu af bílaumferð.

Starfsmaður gæti þurft þurft að stökkva umsvifalaust af stað á eftir barni sem gæti farið sér að voða. Gæta þess að barnið skynji hlaupin ekki sem eltingaleik eða fari af öðrum ástæðum að hlaupa hraðar.

Ganga, eða aka um hverfið hringja í foreldra.

Athuga mögulega staði sem barnið færi á, heim, vinnustað foreldra eða staði í nágrenninu

Láta foreldra vita, ritara, stjórnendur

Hringja í lögreglu ef barnið finnst ekki fljótlega

Slys á börnum á skólatíma

Almenn skyndihjálp á við þegar börn meiða sig eða slasast í skólanum. Sjúkrakassar eru hjá ritara, hjúkrunarfræðingi í smíðastofu og víðar.



Æskilegt er að deildarstjóri barnsins eða starfsmaður hringi í foreldra og upplýsi um ástand barnsins og það sem gerðist.

Ef slys er alvarlegt á að hringja í neyðarlínuna 112 og foreldra Sá sem hringir :

- kynnir sig með nafni og segir hvaðan er hringt.
- á að vera rólegur og tala skýrt.
- segir í stuttu máli frá því sem kom fyrir barnið og reynir að koma strax til skila hvað sé að.
- forðast að nota sterk orð.

Ef hringt hefur verið á sjúkrabíl er endað á að segja frá því og látið vita hvaða starfsmaður fór með barninu á sjúkrahús/heilsugæslu og hvert var farið.

Skrá öll slys á slysaskráningarblöð hjá ritara.